

Fimmtudagur, 5. júní 2003

200. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 18/2003

**Erindi Kortþjónustunnar ehf. vegna þeirrar háttsemi
Greiðslumiðlunar hf. að viðhalda gengismun**

I.

Erindið

Samkeppnisstofnun barst erindi frá Viðari Lúðvíkssyni hdl., f.h. Kortþjónustunnar ehf., dags. 27. desember 2002, þar sem kvartað er undan viðskiptaháttum Greiðslumiðlunar hf. Visa Ísland (hér eftir Greiðslumiðlun). Í bréfi Kortþjónustunnar er málavöxtum lýst þannig að fyrirtækið hafi nýverið hafið starfsemi hér á landi. Kortþjónustan bjóði greiðsluviðtakendum kreditkorta hér á landi milligöngu um greiðslu á úttektum samkvæmt kortanótum örfáum dögum eftir að viðskipti eigi sér stað. Þetta hafi ótvíræða kosti í för með sér fyrir greiðsluviðtakendur, þar sem þeir fái úttektir kreditkorta ekki greiddar ella fyrr en 15 til 45 dögum eftir úttekt.

Kortþjónustan telur sig vera í beinni samkeppni við greiðslukortafyrirtækin hér á landi, þ.e. Greiðslumiðlun og Kreditkort hf. – MasterCard (hér eftir Kreditkort) þar sem þau sjái einnig um innheimtu á greiðslukortafærslum. Telur Kortþjónustan að Greiðslumiðlun og Kreditkort séu markaðsráðandi á þeim markaði hér á landi. Vísar Kortþjónustan til dóms Hæstaréttar í máli nr. 112/2002 því til stuðnings.

Kveður Kortþjónustan að ferill innheimtu sé sá að fyrirtækið sendi kreditkortafærslur frá söluaðilum til fyrirtækisins PBS í Danmörku.¹ PBS sjái síðan um uppgjör á kreditkortafærslum sem síðan sé skilað inn á bankareikning viðkomandi söluaðila um tveimur virkum dögum eftir að viðskiptin eiga sér stað. Heimildarbeiðnir og heimildarveitingar auk innsendinga á færslunum sjálfum fari í gegnum Kortþjónustuna um alþjóðlega greiðslumiðlunarkerfið sem Kortþjónustan tengist í gegnum PBS.

Í erindi Kortþjónustunnar kemur fram að í ljós hafi komið við notkun á kreditkortum hjá söluaðilum, sem gert hafa samning við fyrirtækið, misræmi á milli þeirrar

¹ Í gögnum málsins kemur fram að PBS (Pengeinstitutternes BetalingsSystemer) sé í sameign danskra banka og sinni greiðslumiðlun fyrir þá. Fyrirtækið var stofnað árið 1984 en árið 1986 sameinuðu bankarnir PBS og önnur greiðslumiðlunar- og tæknifyrirtæki í sinni eigu undir nafni PBS.

upphæðar í íslenskum krónum, sem viðkomandi korthafi samþykkir með undirritun á sölunótu, og þeirrar upphæðar sem innheimt er af greiðslukortafyrirtæki hans. Greiðslumiðlun hafi gefið þá skýringu að innheimtuleiðin sé sú sama og ef korthafinn hefði verið staddur erlendis og greitt með kreditkorti sínu þar. Munurinn á fjárhæðum felist í því að Greiðslumiðlun greiði fyrir færsluna í Bandaríkjadöllum sem færslan er umreiknuð í. Eftir það sé hún skuldfærð á reikningsyfirlit korthafans á gengi útskriftardags.² Kortþjónustan sætti sig ekki við þessar útskýringar og telji þær villandi og rangar. Að mati Kortþjónustunnar er engin rökbundin nauðsyn fyrir því að umræddar færslur verði innheimtar á sama hátt og ef korthafi hefði verið staddur erlendis við notkun kortsins. Greiðslumiðlun þurfi ekki að umreikna færslur yfir í Bandaríkjadali, heldur kjósi fyrirtækið að gera það. PBS sendi færslur af stað í íslenskum krónum. Það sé því hvorki tæknileg, bókhaldsleg eða rökbundin nauðsyn á því að Greiðslumiðlun framkvæmi framangreindan umreikning. Þessu til stuðnings vísar Kortþjónustan einkum til háttsemi Kreditkorts hvað þetta varðar en fyrirtækið hafi ákveðið að hætta við umreiknun í Bandaríkjadollara og vísar til yfirlýsingar Kreditkorts þess efnis, dags. 10. desember 2002. Í yfirlýsingunni kemur fram að fyrirtækið muni breyta kerfinu en slíkt taki nokkrar vikur. Þessu til viðbótar telur Kortþjónustan að með þeirri háttsemi sinni, að umreikna hérlendar færslur í Bandaríkjadollara, brjóti fyrirtækið í raun gegn eigin samningum við korthafa sína. Í viðskiptaskilmálum Greiðslumiðlunar komi fram að korthafi sé ábyrgur fyrir úttektum sem kort hans hefur verið notað til og skuldbindur sig til að greiða þær eins og þær koma fram á sölunótum.³ Kortþjónustan telur að framangreindir viðskiptahættir feli í sér brot gegn 11. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, einkum gegn a. og c. 2. mgr. auk 20. gr. laganna.

Í erindi Kortþjónustunnar er því jafnframt lýst að Greiðslumiðlun hafi gefið áður nefndar skýringar til korthafa og söluaðila. Skýringarnar séu villandi og rangar og hafi bein áhrif á eftirspurn eftir þjónustu Kortþjónustunnar. Þar hafi m.a. sagt:

„VISA Ísland hefur engin tækni á að hlutast til um þessu mál enda öllum VISA-aðilum, sem hafa tilskilin leyfi frá VISA International, heimilt að bjóða þessa þjónustu hér á landi.“

Þessi ummæli gefi í skyn að umræddur gengismunur verði eingöngu rakinn til viðskipta við Kortþjónustuna án þess að Greiðslumiðlun fái nokkuð við það ráðið. Með þessu sé vakin tortryggni í garð Kortþjónustunnar og korthafar í raun fældir frá viðskiptum við söluaðila sem eru í viðskiptum við fyrirtækið. Útskýringarnar feli því í sér sjálfstætt brot gegn 20. og 21. gr. samkeppnislaga.

² Í ákvörðun þessari verður vísað til þess munar á fjárhæðum sem *gengismunar*.

³ Sbr. a) lið 7. gr. viðskiptaskilmálanna.

Til viðbótar þessu telur Kortþjónustan að Greiðslumiðlun innheimti aukagjald vegna færslna sem berist fyrirtækinu frá PBS og Kortþjónustunni. Gjaldið nemi um 1 – 1,5% af hverri færslu án þess að korthöfum sé gerð grein fyrir því. Kortþjónustan vísar til þess að Kreditkort hafi ákveðið að hverfa frá því að leggja umrætt gjald á færslur frá PBS. Fyrirtækið telur álagningu gjaldsins af hálfu Greiðslumiðlunar fela í sér brot gegn 11. gr. samkeppnislaga. Jafnframt feli háttsemin í sér brot gegn 12. gr. Rómarsáttmálans, sbr. 4. gr. EES samningsins,⁴ þar sem PBS sé í raun mismunað þar sem fyrirtækið er staðsett utan Íslands. Kortþjónustan telur að gjaldið sé í raun einungis lagt á í þeim tilgangi að mæta þeirri gengisáhættu sem Greiðslumiðlun skapar með því að umreikna færslur í Bandaríkjadollara. Með þessum hætti útbúi Greiðslumiðlun tvöfalt álag á korthafa sína, annars vegar gengisáhættu og hins vegar framangreint álag. Þessi háttsemi hafi þær afleiðingar að söluaðilar forðist viðskipti við Kortþjónustuna.

Að lokum óskar Kortþjónustan eftir því að samkeppnisyfirvöld taki ákvörðun þar sem Greiðslumiðlun sé annars vegar bannað að umreikna kreditkortafærslur, sem Kortþjónustan miðlar til PBS í íslenskum krónum, yfir í Bandaríkjadali áður en þær eru umreiknaðar og innheimtar í íslenskum krónum og hins vegar að Greiðslumiðlun sé bannað að innheimta álag á þessar kreditkortafærslur til að mæta meintri gengisáhættu.

II.

Málsmeðferð

1.

Erindi Kortþjónustunnar var sent Greiðslumiðlun með bréfi, dags. 7. janúar 2003, og óskað eftir umsögn fyrirtækisins. Með bréfi, dags. 10. febrúar s.á., barst Samkeppnisstofnun umsögn Árna Vilhjálmssonar hrl., f.h. Greiðslumiðlunar. Greiðslumiðlun telur sig ekki hafa brotið gegn ákvæðum samkeppnislaga nr. 8/1993 með háttsemi sinni og gerir athugasemdir við aðild Kortþjónustunnar að málinu og lýsingu fyrirtækisins á málavöxtum.

Greiðslumiðlun lýsir rekstri sínum þannig að fyrirtækið veiti tvenns konar þjónustu. Annars vegar sé fyrirtækið útgefandi greiðslukorta f.h. eigenda sinna.⁵ Hins vegar sjái fyrirtækið um færsluhirðingu⁶ fyrir söluaðila. Sú þjónusta felist í því að veita þeim heimildarþjónustu fyrir að taka við greiðslum með kortunum, taka við færslum þeirra

⁴ Í 4. gr. EES samningsins segir: „Hvers konar mismunun á grundvelli ríkisfangs er bönnuð á gildissviði samnings þessa nema annað leiði af einstökum ákvæðum hans.“ Ákvæðið er byggt á efnislega samhljóða ákvæði í 12. gr. Rómarsáttmálans (e. Treaty establishing the European Community).

⁵ Eigendur Greiðslumiðlunar hf. og Kreditkorts hf. eru allir bankar og sparisjóðir á Íslandi.

⁶ Innan alþjóðasamstarfs Visa International eru færsluhirðar almennt nefndir *Aquirers*.

og greiða þeim út þegar korthafar greiða reikninga sína. Þannig sé í raun um tvo aðskilda þjónustumarkaði að ræða. Síðari markaðurinn sé sá markaður sem PBS bjóði nú þjónustu sína á. Að mati Greiðslumiðlunar er Kortþjónustan s.k. þjónustuaðili⁷ fyrir PBS en PBS sé hinn eiginlegi færsluhirðir. Kortþjónustan starfi í umboði PBS og PBS beri ábyrgð á störfum Kortþjónustunnar gagnvart söluaðilum. Greiðslumiðlun telur að þetta sé lykilatriði í málinu og að nauðsynlegt sé að samkeppnisyfirvöld afli upplýsinga um samningssamband Kortþjónustunnar og PBS.

Greiðslumiðlun lýsir þjónustu Kortþjónustunnar á þann hátt að fyrirtækið bjóði söluaðilum að greiða þeim kreditkortasölu tveimur bankadögum eftir að þeir senda færslurnar frá sér, í stað uppgjors einu sinni í mánuði, eins og Greiðslumiðlun hafi ávallt gert. PBS taki um 1,8% þóknun fyrir sinn hlut en Kortþjónustan allt að 1,7%. Samtals sé þóknun um 3,5%. Kortþjónustan bjóði ekki að taka við debetkortafærslum eins og sjá megi á eyðublöðum fyrirtækisins. Ástæða þess að PBS geti boðið þessa þjónustu segir Greiðslumiðlun vera þá að skv. reglum Visa International þurfi að gera allar færslur upp, sem sendar eru á milli landa á milli færsluhirðis og kortaútgefanda um leið og þær koma í miðstöð Visa.⁸ Ferlið sé því þannig þegar korthafi Visa hér á landi notar kort sitt í viðskiptum við söluaðila, sem samið hefur við PBS og Kortþjónustuna: Þegar kaupin eigi sér stað sé færslan send til PBS um kvöld þess sama dags. Þaðan fari færslan um miðstöð Visa í London aftur til Íslands. Í London fari uppgjorið fram þar sem Greiðslumiðlun greiði PBS úttektina strax. Greiðslumiðlun fái hins vegar ekki greitt fyrir færsluna fyrr en á eindaga næstu reikningsútskriftar korthafans. Þannig leggi hvorki PBS né Kortþjónustan út peninga, heldur einungis Greiðslumiðlun. Greiðslumiðlun beri á þennan hátt allan fjármagnskostnaðinn vegna færslunnar.

Greiðslumiðlun vísar einnig til þess að samkvæmt reglum Visa International beri þeim sem stunda færsluhirðingu að taka við öllum færslum frá söluaðila. Í samningum PBS við héraðs söluaðila sé hins vegar tekið fram að einungis sé tekið við kreditkortafærslum og ekki debetkortafærslum. Greiðslumiðlun segir skýringu þessa vera þá að þóknun fyrirtækisins fyrir debetkortafærslur sé það lág að PBS myndi tapa á að taka að sér færsluhirðingu á þeim. Jafnframt skilar Greiðslumiðlun andvirði debetkortafærslna inn á reikning söluaðila samdægurs, en um kerfi PBS tæki slíkt nokkra daga. Greiðslumiðlun vísar jafnframt til þess að Kortþjónustan og PBS reyni nú að leiðrétta þetta með því að fá aðgang að RÁS-þjónustunni. Þeim aðgangi hafi verið hafnað og Kortþjónustan kært þá höfnun til Samkeppnisstofnunar. Greiðslumiðlun telur því að meta verði þessi mál samhliða.

⁷ Þjónustuaðilar eru ýmist nefndir *Member Processors* eða *Independent Sales Organizations*.

⁸ Miðstöð Visa í þessu tilviki er London.

Varðandi meint brot Greiðslumiðlunar á 20. og 21. gr. samkeppnislaga telur fyrirtækið ekkert að því að upplýsa markaðinn um það að ekki sé staðganga í því að færslur fari í gegnum hið alþjóðlega kerfi og þetta hafi um leið þá afleiðingu í för með sér að þeir samningar sem Greiðslumiðlun hafi gert gildi ekki í viðskiptum þar sem Kortþjónustan eigi í hlut. Hagur söluaðila geti vel verið falinn í því að fá uppgjör fyrr en hjá Greiðslumiðlun, en það gerist ekki nema vegna þess að skv. skuldbindingum Greiðslumiðlunar við Visa International þá fari uppgjör fram með öðrum hætti en þegar um innlend viðskipti sé að ræða.

Í umsögn Greiðslumiðlunar er næst fjallað um meint brot fyrirtækisins gegn 11. gr. samkeppnislaga vegna þeirrar háttsemi að umreikna erlendar færslur í Bandaríkjadollara. Ástæða þessa er sögð sú að í upphafi hafi ekki fengist heimild hjá Visa International að hafa uppgjörreikning í íslenskum krónum þar sem samtökin treystu ekki gjaldmiðlinum. Greiðslumiðlun telur því að þetta hafi ekki verið á valdi fyrirtækisins heldur skilyrði af hálfu Visa International. Sú háttsemi Greiðslumiðlunar að fara með færslur PBS eins og um erlendar færslur sé að ræða og sá gengismunur sem fram kemur á þeirri upphæð sem korthæð samþykkir með undirritun sinni feli ekki í sér brot gegn 11. gr. af þessari ástæðu. Greiðslumiðlun vinni að því að gera breytingar á kerfi sínu sem geri fyrirtækinu kleift að framkvæma færslur í íslenskum krónum. Greiðslumiðlun tekur þó fram að fyrirtækið hafi engan fyrirvara haft til þess að framkvæma breytinguna. Ekki hafi verið um mismunun á grundvelli þjóðernis að ræða heldur hafi kerfið einfaldlega gert ráð fyrir því að notkun korta og færslur, sem fara um Kortþjónustuna og PBS, hafi verið erlendar. Ljóst sé því að gengismunurinn verði afduminn.

Varðandi meint 1-1,5% aukagjald Greiðslumiðlunar ofan á allar færslur þá sé þessi fullyrðing Kortþjónustunnar röng. Staðreyndin sé sú að um 0,85% gjald sé að ræða sem ætlað er að standa undir kostnaði sem verður til við að halda úti reikningi Greiðslumiðlunar hjá Chase Manhattan banka í New York en honum fylgi töluverður kostnaður. Álagið leggist ekki á færslur í Bandaríkjadollurum heldur færslur í öðrum gjaldmiðlum.

2.

Umsögn Greiðslumiðlunar var send Kortþjónustunni með bréfi, dags. 14. febrúar 2003, og óskað eftir athugasemdum.

Með bréfi, dags. 28. febrúar s.á., bárust athugasemdir Kortþjónustunnar. Í bréfinu kemur fram að umsögn Greiðslumiðlunar gefi ekki tilefni til athugasemda af hálfu Kortþjónustunnar. Ljóst sé að Greiðslumiðlun vinni nú að því að breyta kerfi sínu í samræmi við kröfur Kortþjónustunnar. Þetta leysi Greiðslumiðlun hins vegar ekki undan ábyrgð vegna gengismunarins eða annarra atriða sem Kortþjónustan hafi kvartað yfir.

Varðandi þær athugasemdir Greiðslumiðlunar að aðild Kortþjónustunnar að málinu sé óljós telur Kortþjónustan ljóst að aðgerðir Greiðslumiðlunar beinist gegn fyrirtækinu. Jafnframt varði háttsemin með beinum hætti samkeppnishagsmuni Kortþjónustunnar. Þó sé ekki loku fyrir það skotið að PBS eigi einnig sjálfstæða aðild að málinu.

Kortþjónustan bendir á að fyrirtækið geti bæði tekið við debet- og kreditkortafærslum og því sé fullyrðing Greiðslumiðlunar um hið gagnstæða röng. Hins vegar sé það val hvers söluaðila um sig hvort hann eigi viðskipti við Kortþjónustuna vegna beggja tegunda færslna eða einungis annarrar. Hér á landi sé raunin orðin sú að söluaðilar nýti sér eingöngu kreditkortafærslur. Eyðublað það sem Greiðslumiðlun vísi til hafi Kortþjónustan ekki notað í marga mánuði.

Varðandi athugasemdir Greiðslumiðlunar um 0,85% álag fyrirtækisins á færslur hafi Greiðslumiðlun ekki gert neina tilraun til þess að sýna fram á raunverulegan kostnað vegna reiknings hjá Chase Manhattan-bankanum. Jafnframt verði ekki hjá því komist að nefna að korthöfum hafi, að því er virðist, ekki verið gert grein fyrir gjaldtökunni. Jafnframt sé ekki skýrt af hverju gjaldið leggist ekki á færslur í Bandaríkjadollurum.

3.

Athugasemdir Kortþjónustunnar voru sendar Greiðslumiðlun með bréfi, dags. 18. mars 2003, og óskað eftir athugasemdum.

Með bréfi, dags. 31. mars s.á., bárust athugasemdir Greiðslumiðlunar. Í bréfinu kemur fram að þann 18. febrúar 2003 hafi verið lokið við að gera boðaðar breytingar á kerfi Greiðslumiðlunar. Fyrirtækinu hafi ekki verið tilkynnt með nokkrum hætti um starfsemi PBS hér á landi. Þar sem PBS taki færslur í gegnum hið alþjóðlega greiðslumiðlunarkerfi hafi ekki verið hægt að ætlast til þess af Greiðslumiðlun að fyrirtækið skynjaði eðli færslunnanna fyrirfram. Sá þáttur málsins er varðar gengismuninn hljóti því að vera úr sögunni.

Greiðslumiðlun gerir því næst athugasemdir við aðild Kortþjónustunnar að málinu. Vísað er til þess að Kortþjónustan eigi ekki aðild að Visa International og sé þannig ekki í samkeppni við Greiðslumiðlun. Í bréfinu segir jafnframt að Greiðslumiðlun hafi aflað sér þeirra upplýsinga frá Visa International að samningseyðublöð Kortþjónustunnar hafi nú verið löguð að kröfum Visa International. Meðal annars sé ekki lengur um neina beina þóknun að ræða til Kortþjónustunnar og að fyrirtækið bjóði nú einnig að taka við debetkortafærslum. Kortþjónustan hafi orðið að afturkalla alla samninga sína við söluaðila um færsluhirðingu, en samningarnir séu nú eingöngu í nafni PBS. Þannig sé Kortþjónustan að villa á sér heimildir. Greiðslumiðlunin eigi

sér þannig stað í nafni og umboði PBS. PBS eigi því þá samkeppnislegu hagsmuni sem hér um ræðir en ekki Kortafjónustan.

Varðandi þóknun Greiðslumiðlunar vegna gjaldeyrisreiknings hjá Chase Manhattan-bankanum í New York segir að það sé ekki Kortafjónustunnar að ákveða eða hafa með öðrum hætti afskipti af verðlagningu Greiðslumiðlunar. Greiðslumiðlun hafi ekki skipt sér af hækkun þjónustugjalda til söluaðila gegn fljótari uppgjöri hjá Kortafjónustunni. Greiðslumiðlun telur ekki ástæðu til að upplýsa frekar um gjalddöku sína hvað þetta varðar en bendir á að hluti hennar gangi m.a. til að fjármagna uppgjör við PBS.

4.

Bréf Greiðslumiðlunar var sent til Kortafjónustunnar með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 9. apríl 2003. Með bréfi Samkeppnisstofnunar til málsaðila, dags. 6. maí s.á., var aðilum sendur listi yfir gögn málsins og þeim tilkynnt að málið yrði lagt fyrir samkeppnisráð til ákvörðunar.

III.

Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs, þann 5. júní 2003, var ákvörðun tekin í máli þessu. Þátt í fundinum tóku Kirstín Flygenring, Tryggvi Axelsson, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson og Ragnheiður Bragadóttir.

1.

Sjónarmið aðila

Erindi Kortafjónustunnar er þríþætt. Í fyrsta lagi telur fyrirtækið að Greiðslumiðlun hafi brotið gegn 11. gr. samkeppnislaga með því að viðhalda gengismuni á færslum frá Kortafjónustunni og PBS sem farið hafa um kerfi fyrirtækisins. Í öðru lagi hafi Greiðslumiðlun brotið gegn 20. og 21. gr. samkeppnislaga með því að hafa ranglega tilkynnt korthöfum og söluaðilum að ástæða þess að gengismunur kæmi upp lægi hjá Kortafjónustunni og PBS. Í þriðja lagi telur Kortafjónustan að Greiðslumiðlun hafi brotið gegn 11. gr. samkeppnislaga með því að innheimta aukagjald af færslum sem eiga uppruna sinn að rekja til viðskiptavina Kortafjónustunnar og PBS.

Greiðslumiðlun telur í fyrsta lagi að upplýsa beri hvort Kortafjónustan geti átt aðild að máli þessu. Fyrirtækið telur sig í öðru lagi ekki hafa brotið gegn ákvæðum samkeppnislaga með háttsemi sinni. Þannig hafi ástæða gengismunarins verið sú að kerfi fyrirtækisins hafi ekki verið undir það búið að farið yrði með færslur PBS eins og með aðrar innlendar færslur. Varðandi meint brot gegn 20. og 21. gr. samkeppnislaga þá hafi fyrirtækið ekki farið með rangt mál heldur einungis reynt að

leiða söluaðila og korthafa í sannleikann um ástæður gengismunarins. Að lokum telur Greiðslumiðlun að Kortþjónustan geti ekki gert athugasemdir við gjaldtöku fyrirtækisins eða á hvaða hátt þeim fjármunum sé varið hjá fyrirtækinu.

2.

Markaðurinn

Samkvæmt erindi Kortþjónustunnar telur fyrirtækið að Greiðslumiðlun hafi brotið gegn 11. gr. samkeppnislaga. Ákvæði 11. gr. bannar fyrirtækjum að misnota markaðsráðandi stöðu sína. Þar er því nauðsynlegt í upphafi að gera grein fyrir þeim markaði sem um ræðir í málinu og gera grein fyrir markaðshlutdeild einstakra fyrirtækja á honum.

2.1. Markaðsskilgreining

Samkvæmt 4. gr. samkeppnislaga er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að skoða verður viðkomandi markað út frá a.m.k. tveimur sjónarhornum, annars vegar vöru- eða þjónustumarkaðnum og hins vegar landfræðilega markaðnum.

2.1.1. Þjónustumarkaðurinn

Greiðslumiðlun telur sig starfa á tveimur aðskildum mörkuðum sem báðir falla undir heildarmarkað fyrir greiðslukortaviðskipti. Annars vegar sé um að ræða markaðinn fyrir útgáfu greiðslukorta, en Greiðslumiðlun sinni þeirri starfsemi f.h. eigenda sinna.⁹ Hins vegar sé um að ræða markaðinn fyrir færsluhirðingu. Færsluhirðing felist í þeirri þjónustu við söluaðila að veita þeim heimildarþjónustu fyrir að taka við greiðslum með greiðslukortum, taka við færslum þeirra og greiða þeim út þegar korthafar greiða reikninga sína. Greiðslumiðlun telur að mál þetta varði eingöngu síðari markaðinn. Kortþjónustan hefur ekki gert athugasemdir við markaðsskilgreiningu Greiðslumiðlunar.

Samkeppnisráð er sammála því mati Greiðslumiðlunar að markaðurinn í máli þessu sé markaðurinn fyrir færsluhirðingu. Færsluhirðing felur í sér sérstaka þjónustu sem unnt er að aðskilja á skýran hátt frá annarri starfsemi á markaði fyrir greiðslukortaviðskipti. Þannig má vísa til þess að Kortþjónustan, í umboði PBS, annast eingöngu færsluhirðingu hér á landi, en ekki útgáfu greiðslukorta. Jafnframt er ekki um staðgönguþjónustu að ræða fyrir söluaðila sem óska þess að geta tekið við greiðslu með debet- eða kreditkortum.

2.1.2. Landfræðilegi markaðurinn

⁹ Greiðslumiðlun er aðili að Visa International og gefur því út Visa greiðslukort, þ.e. ýmsar gerðir kreditkorta ásamt Visa Electron debetkorta.

Aðilar málsins hafa ekki gert athugasemdir við hinn landfræðilega markað í máli þessu.

Markaðurinn fyrir færsluhirðingu er svæðisbundinn að því leyti að söluaðilar, sem óska þess að geta tekið við greiðslukortum, þurfa þjónustuna þar sem þeir eru staddir. Þannig þarf færsluhirðir að veita þjónustu sína á því svæði sem söluaðilinn er staðsettur til þess að veita honum þjónustu. Þessu til stuðnings má jafnframt vísa til þess að Visa International hefur skipt heiminum upp í svæði en hvert þessara svæða hefur sérstakar reglur.¹⁰ Jafnframt eru sérstakar Visa-reglur í gildi í hverju landi fyrir sig.¹¹ Greiðslumiðlun vinnur að setningu slíkra reglna hér á landi. Svipuð svæðisskipting á sér stað innan MasterCard International. Frá árinu 1998 hefur meðlimum þessara tveggja kortakerfa verið heimilt að fara inn á og keppa á markaðssvæðum annarra meðlima. Fyrirtækin verða hins vegar að hlíta þeim reglum sem gilda á viðkomandi svæði og landi. Önnur fyrirtæki en Greiðslumiðlun, Kreditkort og nú PBS stunda ekki virka markaðssetningu hér á landi.

Greiðslumiðlun og Kreditkort eru í eigu allra íslenskra banka og sparisjóða og hafa verið starfandi í yfir 20 ár. Þessir aðilar saman, ásamt Seðlabanka Íslands, eiga jafnframt fyrirtækið Fjölgreiðslumiðlun hf. Fjölgreiðslumiðlun á og rekur RÁS-kerfið, en kerfið sér um að beina rafrænum færslum til rétttra aðila, þ.e.a.s. kreditkortafærslum til greiðslukortafyrirtækjanna og debetkortafærslum til banka og sparisjóða.

Samkeppnisráð þekkir einungis fá dæmi þess að íslensk fyrirtæki hafi leitað til annarra fyrirtækja en Greiðslumiðlunar og Kreditkorts um færsluhirðingu. Í sögulegu ljósi eru þessi fyrirtæki því einu fyrirtækin sem sinnt hafa færsluhirðingu hér á landi.

Samkeppnisráð telur ljóst af málavöxtum og eðli þess þjónustumarkaðar sem hér um ræðir að landfræðilegi markaðurinn í máli þessu sé Ísland.

2.2. Markaðshlutdeildir

Þegar meta á hvort fyrirtæki er markaðsráðandi í skilningi 11. gr. samkeppnislaga er almennt litið til hlutdeildar þess á markaði. Jafnframt er litið til annarra þátta, s.s. fjárhagslegs styrks, viðskiptavildar og fleiri atriða. Eins og fram hefur komið eru það Greiðslumiðlun, Kreditkort og PBS sem stunda virka markaðssetningu hér á landi. Þegar bornar eru saman heildar rekstrartekjur Greiðslumiðlunar og Kreditkorts kemur eftirfarandi í ljós:¹²

2001	2002	Fyrstu 3 mánuðir 2003
------	------	-----------------------

¹⁰ S.k. *Regional Rules*.

¹¹ S.k. *Domestic Rules*.

¹² Fellt út vegna trúnaðar.

Greiðslumiðlun hf.	[...]	[...]	[...]
Kreditkort hf.	[...]	[...]	[...]

Rekstrartekjur Kortþjónustunnar eru hins vegar [...] kr.¹³ frá upphafi rekstrar en fyrirtækið var stofnað í júní 2002 og hóf rekstur í nóvember sama ár. Ljóst er hins vegar að færsluhirðir sá, sem Kortþjónustan starfar fyrir, þ.e.a.s. PBS, er mun stærra fyrirtæki með margfaldar rekstrartekjur Greiðslumiðlunar og Kreditkorta.

Þegar velta sömu fyrirtækja í færsluhirðingu hér á landi síðustu tvö ár er borin saman sést eftirfarandi:¹⁴

	2001		2002	
	Debetkort	Kreditkort	Debetkort	Kreditkort
Greiðslumiðlun hf.	[...]	[...]	[...]	[...]
Kreditkort hf.	[...]	[...]	[...]	[...]
PBS				[...]

Samanburður fyrstu þriggja mánaða þessa árs leiðir eftirfarandi í ljós:¹⁵

	Debetkort	Kreditkort
Greiðslumiðlun hf.	[...]	[...]
Kreditkort hf.	[...]	[...]
PBS		[...]

Af þessum tölum má dæma að markaðshlutdeild Greiðslumiðlunar er um 80%, hvort sem litið er til síðustu tveggja ára eða fyrstu þriggja mánaða ársins 2003. Kreditkort er með um 20% hlutdeild á sama tímabili en hlutur PBS er minni en 0,5%. Hlutföllin haldast næstum því þau sömu þegar einnig er reiknað með færslum annarra erlendra aðila sem einnig stunda færsluhirðingu hér á landi,¹⁶ en samtals er hlutfall þeirra af heildarfærsluhirðingu hér á landi á sama tímabili minna en 0,5%.

Þegar markaðshlutdeild fyrirtækja er metin er jafnframt nauðsynlegt að líta til þróunar þess markaðar sem um ræðir, þ.m.t. hvort nýir keppinautar hafi komið inn á markaðinn eða hvort markaðshlutdeild fyrirtækja hafi tekið breytingum. Samkeppnisráð telur mikilvægt í þessu tilliti að greiðslukortafyrirtækin Greiðslumiðlun og Kreditkort hafa starfað hér á landi í yfir 20 ár. Á þessum tíma hafa þau starfað ein á hinum íslenska markaði. Þetta þýðir jafnframt að fyrirtækjunum hefur tekist að byggja upp mikla viðskiptavild á þessum langa tíma. Undir lok árs

¹³ Fellt út vegna trúnaðar.

¹⁴ Fellt út vegna trúnaðar.

¹⁵ Fellt út vegna trúnaðar.

¹⁶ Sbr. umfjöllun í kafla 2.1.2. Hér er samtals um að ræða sjö aðila sem að einhverju leiti hafa stundað færsluhirðingu hér á landi, m.a. Allied Irish Bank, Citibank, Natwest og National Westminster Bank.

2002 hófu Kortþjónustan og PBS starfsemi hér á landi. Með vísan til markaðshlutdeildar fyrirtækjanna og þeirrar fákeppni sem ríkt hefur á markaði fyrir færsluhirðingu hér á landi er það því mat samkeppnisráðs að Greiðslumiðlun sé ráðandi á markaði fyrir færsluhirðingu á Íslandi í skilningi 11. gr. samkeppnislaga.

3.

Aðild Kortþjónustunnar

Greiðslumiðlun hefur gert athugasemdir við aðild Kortþjónustunnar að máli þessu. Að mati Greiðslumiðlunar sé ekki skýrt hvert samningssamband Kortþjónustunnar og PBS sé. Í ljósi þess að PBS sé hinn eiginlegi færsluhirðir og að Kortþjónustan starfi eingöngu í umboði PBS eigi PBS í raun þá samkeppnislegu hagsmuni sem um ræðir í máli þessu og því sé álitamál hvort Kortþjónustan geti átt aðild að málinu.

Málavextir og upplýsingar sem Samkeppnisstofnun hefur aflað frá Kortþjónustunni sýna að Kortþjónustan er þjónustufyrirtæki fyrir PBS. Þannig markaðssetur fyrirtækið þjónustu PBS hér á landi, semur við söluaðila og veitir þeim tæknilega þjónustu f.h. PBS. Tekjur Kortþjónustunnar eru háðar þeim viðskiptasamböndum sem fyrirtækið kemur á milli PBS og söluaðila. Af þessu má ljóst vera að viðskiptalegir hagsmunir Kortþjónustunnar og PBS eru verulega samofnir að því er varðar samkeppni á færsluhirðingarmarkaðnum hér á landi.

Samkeppnisráð telur að ekkert hafi komið fram í málinu sem bendir til þess að PBS viti ekki af aðgerðum Kortþjónustunnar hér á landi. Jafnframt hefur PBS hvorki mótmælt aðgerðum Kortþjónustunnar sérstaklega né aðild fyrirtækisins að máli þessu. Samkeppnisráð telur í ljósi framangreinds að Kortþjónustan eigi hagsmuna að gæta í máli þessu og geti því notið stöðu aðila fyrir ráðinu.

4.

Háttsemi Greiðslumiðlunar

4.1. Meint brot Greiðslumiðlunar hf. gegn 11. gr. samkeppnislaga

Kortþjónustan telur að Greiðslumiðlun hafi brotið gegn 11. gr. samkeppnislaga á tvönnan hátt. Annars vegar hafi Greiðslumiðlun brotið gegn 11. gr. með því að viðhalda gengismuni á færslum, sem áttu uppruna sinn að rekja til söluaðila sem gert höfðu samning um færsluhirðingu við Kortþjónustuna og PBS, lengur en keppinautur þess, Kreditkort. Hins vegar hafi Greiðslumiðlun brotið gegn 11. gr. með því að leggja 0,85% álag á færslur, sem uppruna sinn eiga að rekja til viðskiptavina Kortþjónustunnar og PBS. 11. gr. samkeppnislaga er svohljóðandi:

*„Misnotkun eins eða fleiri fyrirtækja á markaðsráðandi stöðu er bönnuð.
Misnotkun skv. 1. mgr. getur m.a. falist í því að:*

- a. *beint eða óbeint sé krafist ósanngjarns kaup- eða söluverðs eða aðrir ósanngjarnir viðskiptaskilmálar settir,*
- b. *settar séu takmarkanir á framleiðslu, markaði eða tækniþróun, neytendum til tjóns,*
- c. *viðskiptaaðilum sé mismunað með ólíkum skilmálum í sams konar viðskiptum og samkeppnisstaða þeirra þannig veikt,*
- d. *sett sé það skilyrði fyrir samningagerð að hinir viðsemjendurnir taki á sig viðbótarskuldbindingar sem tengjast ekki efni samninganna, hvorki í eðli sínu né samkvæmt viðskiptavenju.“*

4.1.1. Gengismunur

Af málavöxtum er ljóst að Greiðslumiðlun fór með færslur Kortþjónustunnar og PBS eins og um erlendar færslur hafi verið að ræða. Þannig var líklegt að korthafar, sem greiddu með greiðslukorti fyrir vöru eða þjónustu hjá söluaðila sem samið hafði við Kortþjónustuna og PBS um færsluhirðingu, hafi greitt aðra upphæð við uppgjör á reikningsskuld sinni en þá sem þeir samþykktu með undirskrift sinni þar sem breytingar gátu hafa orðið á gengi Bandaríkjadollara frá því að kaupin áttu sér stað.

Ástæða þessa sem að framan er rakið er að sögn sú að kerfi Greiðslumiðlunar hafi ekki gert ráð fyrir að færslur, sem eigi uppruna sinn að rekja til hérlendrar notkunar korta sem jafnframt hafi verið gefin út hér á landi, yrðu gerðar upp af erlendum aðila. Kerfið hafi því sjálfkrafa farið með færslur, sem PBS gerir upp, eins og um erlendar færslur hafi verið að ræða og umreiknað fjárhæðir í Bandaríkjadollara þegar færsla hafi átt sér stað með kreditkorti en tilbaka í íslenskar krónur þegar færslan var innheimt hjá korthafa. Á þeim tíma sem leið milli þess að færsla átti sér stað og fjárhæðin var innheimt hjá korthafa gátu því átt sér stað gengisbreytingar á Bandaríkjadollara og því fjárhæðir mismunandi í íslenskum krónum. Jafnframt er upplýst að kerfinu hefur verið breytt af hálfu Greiðslumiðlunar. Frá 18. febrúar 2003 hefur verið farið með allar færslur Kortþjónustunnar og PBS hér á landi eins og um innlendar færslur sé að ræða innan kerfisins. Þetta þýðir að enginn gengismunur myndast á hérlendum viðskiptum Visa korthafa við viðskiptavinum Kortþjónustunnar og PBS, sem Greiðslumiðlun innheimtir, frá þeim tíma.¹⁷ Kortþjónustan hefur vísað til þess að Kreditkort hafi tekið að breyta kerfi sínu mun fyrr. Samkvæmt upplýsingum frá Kreditkorti átti sú breyting sér einnig stað þann 18. febrúar 2003.¹⁸

Samkeppnisráð telur það ekki skipta máli hvað þetta varðar að Kreditkort hafi breytt kerfi sínu fyrr enda tekur a.m.k. nokkrar vikur að gera nauðsynlegar breytingar á kerfinu, sbr. áður tilvitnaða yfirlýsingu frá Kreditkorti.¹⁹ Erindi Kortþjónustunnar var fyrst sent Greiðslumiðlun með bréfi, dags. 7. janúar 2003. Þannig liðu um sex vikur

¹⁷ Sbr. einnig yfirlýsingu á heimasíðu Greiðslumiðlunar hf., www.visa.is, dags. 28. mars 2003.

¹⁸ Sbr. yfirlýsingu á heimasíðu Kreditkorts hf., www.kreditkort.is, dags. 16. febrúar 2003.

¹⁹ Sjá umfjöllun á bls. 2.

frá því að erindi Kortþjónustunnar barst og breytingar Greiðslumiðlunar á kerfi fyrirtækisins tóku gildi, þrátt fyrir að ákvörðun um það virðist hafa verið tekin síðar en hjá Kreditkortu.

Með vísan til framangreindra atriða telur samkeppnisráð þó að þessi töf á ákvarðanatöku um breytingar á kerfi Greiðslumiðlunar sé ekki þess eðlis að um brot gegn 11. gr. samkeppnislaga sé að ræða.

4.1.2. Álag Greiðslumiðlunar á færslur frá Kortþjónustunni og PBS

Upplýst er að Greiðslumiðlun lagði 0,85% álag á færslur sem eiga uppruna sinn að rekja til viðskiptavina Kortþjónustunnar og PBS. Ástæða þessa var sú að með færslurnar var farið eins og erlendar færslur, sbr. umfjöllun hér að ofan. Upplýst er hins vegar að Greiðslumiðlun hefur breytt kerfi sínu og er nú farið með færslur PBS á sama hátt og innlendar færslur, þ.e. engin gengisbreyting á sér stað. Ljóst er því að ofangreint álag er einnig úr sögunni.

Með vísan til sömu raka og hér að ofan telur samkeppnisráð að háttsemi Greiðslumiðlunar hafi ekki falið í sér brot gegn 11. gr. samkeppnislaga.

4.2. Meint brot Greiðslumiðlunar hf. gegn 20. og 21. gr. samkeppnislaga

Kortþjónustan telur að Greiðslumiðlun hafi brotið gegn 20. og 21. gr. samkeppnislaga með þeirri háttsemi sinni að gefa korthöfum og söluaðilum rangar og villandi skýringar varðandi mun á upphæð færslu sem korthafi samþykkti með undirritun sinni og þeirri upphæð sem fram kom á reikningi hans. 20. gr. samkeppnislaga er svohljóðandi:

„Óheimilt er að hafast nokkuð það að sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt er gagnvart hagsmunum neytenda.“

21. gr. samkeppnislaga er svohljóðandi:

„Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir fallnar til að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til. Auglýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir skulu ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírskotað er til óviðkomandi mála.“

Ummæli þau sem Kortþjónustan vísar til í erindi sínu birtust í tilkynningu til söluaðila og korthafa þann 27. nóvember 2002, eða um það leyti sem Kortþjónustan hóf að bjóða söluaðilum þjónustu sína. Í tilkynningunni segir m.a:

„[...] Færslur frá [...] verslunum [sem samið hafa við Kortþjónustuna munu verða]²⁰ sendar til útlanda og innheimtar þaðan á sama hátt og ef korthafinn hefði verið staddur erlendis og verslað þar. Eins og gildir um allar færslur erlendis frá verður VISA Ísland að greiða fyrir þær þá dollarafjárhæð sem færslan er umreiknuð í og er hún síðan skuldfærð á reikningsyfirlit korthafans á gengi útskriftardags. Nær öruggt er því að korthafinn verður í þessum tilvikum krafinn um aðra fjárhæð en hann skrifaði undir á sölunótuna hjá kaupmanninum. Þar sem færslur sem fara þessa leið teljast ekki til innlendrar veltu reiknast þær ekki með í útreikningi veltutengdra ferðapunkta á Vildarkortum VISA og Flugleiða. VISA Ísland hefur engin tók á að hlutast til um þessi mál enda öllum VISA-aðilum, sem hafa tilskilin leyfi frá VISA International, heimilt að bjóða þessa þjónustu hér á landi.“

Í textanum er því ferli lýst sem færslur söluaðila, sem samið hafa við Kortþjónustuna, fóru áður en Greiðslumiðlun breytti kerfi sínu. Þannig er gerð grein fyrir ástæðum þess að sú upphæð sem korthafi samþykkir með undirskrift sinni geti orðið önnur þegar sami korthafi er krafinn um greiðslu hennar. Jafnframt er lögð áhersla á að engir ferðapunktar fái á vildarkortum Icelandair ehf. Að lokum gerir Greiðslumiðlun grein fyrir því að fyrirtækið geti ekki hlutast til um þessi mál, enda sé öllum meðlimum Visa International heimilt að bjóða færsluhirðingu hér á landi, hafi þeir tilskilin leyfi. Að mati samkeppnisráðs er eingöngu síðasti hluti textans óskýr. Þannig getur hann ýmist átt við að fyrirtækið geti ekki breytt kerfi sínu hvað þetta varðar, þ.e. korthafar sem versla hjá viðskiptavinum Kortþjónustunnar geti ekki verið vissir um það hvaða upphæð verði innheimt endanlega, eða að fyrirtækið geti ekki hlutast til um að nýr aðili komi inn á markað fyrir færsluhirðingu hér á landi. Þrátt fyrir þennan óskýrleika telur samkeppnisráð að textinn sé ekki svo villandi að varði við 20. og/eða 21. gr. samkeppnislaga. Samkeppnisráð beinir þó þeim tilmælum til Greiðslumiðlunar að gæta frekar að skýrleika tilkynninga til korthafa og söluaðila er varða keppinauta fyrirtækisins.

Í erindi sínu hefur Kortþjónustan jafnframt talið að áðurnefnd töf²¹ á því að breyta kerfi Greiðslumiðlunar feli í sér brot gegn 20. gr. samkeppnislaga. Með vísan til sömu raka og fram koma hér að ofan varðandi meint brot gegn 11. gr. telur samkeppnisráð

²⁰ Innskot samkeppnisráðs.

²¹ Sjá umfjöllun í kafla 4.1.1.

að framangreind háttsemi Greiðslumiðlunar feli ekki í sér brot gegn 20. gr. samkeppnislaga.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Ekki er ástæða til aðgerða af hálfu samkeppnisráðs í máli þessu.“